

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Þingeyjarsveit.

*Breyting á deiliskipulagi þéttbýlis í Reykjahlíð.*

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti 22. maí 2025 breytingu á deiliskipulagi þéttbýlisins í Reykjahlíð. Breytingin felst í því að í stað einbýlishúss á lóðinni Klapparhrauni 6 verður heimilt að byggja þriggja íbúða raðhús. Nýtingarhlutfall verður 0,35.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Þingeyjarsveit, 10. júní 2025.*

**Rögnvaldur Harðarson** skipulagsfulltrúi

---

B deild - Útgáfudagur: 25. júní 2025